



Alþingi  
Erindi nr. P 138/723  
komudagur 14.12.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Helgi Hjörvar, formaður  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2009

**Efni: Umsögn FÍStjórnunar um frumvörp er varða skattabreytingar (239. mál og 256. mál)**

### I. Almennt

Vísað er til erindis háttvirtar Efnahags- og skattanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar FÍStjórnunar um frumvörp til laga um tekjuöflun ríkisins og ráðstafanir í skattamálum.

Ekki þarf að fjölyrða um stöðu ríkisfjármála og nauðsyn þess að gripið sé til aðgerða til að ná niður hallarekstri ríkissjóðs. FÍStjórnun gerir hins vegar nokkrar megin athugasemdir: Í fyrsta lagi er ástæða til að benda á að of mikill þungi er á skattahækkunum í áætlunum um úrlausn vandans. Í ljósi mjög örs vaxtar ríkisútgjalda á undanförunum árum verður að telja meira svigrúm til hagræðingar útgjalda en ráðgert er. Í öðru lagi verður að gera athugasemdir við hversu einhliða skattabreytingar eru að því leyti að þær munu allar hafa neikvæð áhrif á innlenda eftirspurn. Í þriðja lagi hefur FÍStjórnun efasemdir um að áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna breytinga á sköttum – og þá sérstaklega óbeinum sköttum – muni skila sér í ríkissjóðs. Í fjórða lagi telur FÍStjórnun að jafnræðissjónarmiðum sé varpað fyrir róða í breytingum á óbeinum sköttum. Ljóst er að engar efnislegar ástæður liggja að baki upptöku vörugjalda (sem lögð voru á í september) og hækkunar ýmissa vara í nýtt 14% þrep virðisaukaskatts.

Að auki vill FÍStjórnun benda sérstaklega á – í ljósi umfangs fyrirbyggjandi hugmynda – að ekki er hægt að sjá á þingskjöllum að þingmenn hafi nægilega ítarlegar greiningar á áhrifum breytinga á sköttum fyrir framan sig. Einungis er að finna áætlaðar tekjur einstakra skattabreytinga – engin opinber gögn sýna og styðja á hvaða forsendum áætlanirnar byggja hvað varðar einstaka liði.

Röksemdir FÍStjórnunar og efnislegar athugasemdir við einstaka liði frumvarpana má finna hér að neðan.



– fyrir íslenska verslun

## II. Almenn afstaða til skattabreytinga

Þegar skattabreytingar á yfirstandandi ári og þær sem boðaðar eru nú eru skoðaðar kemur athyglisverð mynd í ljós. Eftirfarandi skattabreytingar hafa verið gerðar eða eru boðaðar nú:

- 1) Hækkun vörugjalda á tilteknar vörur (september 2009)
- 2) Hækkun áfengisgjalda – þriðja hækkunin á einu ári er nú boðuð
- 3) Hækkun tryggingagjalds – í sumar og boðuð frekari hækkun
- 4) Boðuð hækkun virðisaukaskatts og upptaka nýs þreps VSK
- 5) Boðuð hækkun tekjuskatta einstaklinga
- 6) Boðuð hækkun tekjuskatta fyrirtækja
- 7) Boðuð hækkun fjármagnstekjuskatts

Allar þessar breytingar snerta innlenda eftirspurn verulega. Á sama tíma eru bæði einkaneysla og fjárfesting í landinu í miklum öldudal. Ástæða er til að hafa þungar áhyggjur af því að þetta leiði til langvarandi stöðnunar í eftirspurn. Það mun óhjákvæmilega þýða frekari uppsagnir á almennum vinnumarkaði.

FÍŠ gerir sérstakar athugasemdir við hækkun tryggingagjalds. Sú athugasemd er gerð í ljósi þess að gjaldið bitnar sérstaklega harkalega á litlum og meðalstórum fyrirtækjum annars vegar og hins vegar fyrirtækjum í verslunar- og þjónustustarfsemi. Langflest þessara fyrirtækja eiga það sammerkt að vera að glíma við samdrátt í eftirspurn vegna efnahagsástandsins og víðtækra skattkerfisbreytinga. Tryggingagjald er enn einn liðurinn sem leggst þungt á þessar greinar.


## III. VSK og vörugjöld

- a) FÍŠ dregur í efa að hækkun á virðisaukaskatti og breytingar á kerfinu muni skila sér í þeim auknu tekjum sem fjárlagafrumvarp gerir ráð fyrir. Ástæðan er tvíþætt. Í fyrsta lagi eru neikvæð eftirspurnaráhrif fyrirsjáanleg vegna umfangs skattahækkana. Þau munu hafa neikvæð áhrif á veltu og þar af leiðandi innheimtu virðisaukaskatts. Þetta sést vel þegar mynd 1 að neðan er skoðuð, en hún sýnir hug almennings til skattahækkana. Í öðru lagi hafa neytendur þegar aukið neyslu á ódýrari vörum í stað dýrari. Þessi þróun er þegar komin fram og mun væntanlega skerpast á henni þegar skattabreytingar verða komnar fram. Afleiðingin er minni innheimta óbeinna skatta. Mynd 2 að neðan sýnir dæmi.




- fyrir íslenska verslun

## Hver eftirfarandi staðhæfinga telur þú að eigi best við um áhrif boðaðra skattkerfisbreytinga á kaup þín á ...?



8

Mynd 1 (úr könnun Gallup fyrir FÍS)




Mynd 2 (Þróun markaðshlutdeild - Bleiur - tölur frá AC Nielsen)



– fyrir íslenska verslun

b) Nýtt þrep virðisaukaskatts felur í sér aukna mismunun milli vöruflokka sem eru í samkeppni – álagning vörugjalda í september framkallaði mismunun sem nú eykst til muna. Geðþótti stjórnvalda virðist ráða því hvort vörur séu taldar „sykraðar“ eða ekki og þar af leiðandi hvort greidd séu af þeim vörugjöld, virðisaukaskattur hækkaður í 14% eða ekki. Kolsýrt vatn, soyamjólk og hreinn ávaxtasafi eru dæmi um vörur sem bera vörugjöld og fá að öllum líkindum á sig aukinn virðisaukaskatt. Skv frumvörpunum virðast hins vegar ýmsar mjólkurvörur, t.d. sykraðar jógúrtvörur, fá enn eina ferðina silkihanskameðferð á meðan innfluttar samkeppnisvörur bera bæði vörugjöld og eru í hærra skattþrepi. Mynd 3 sýnir hvaða áhrif skattabreytingar hafa haft og munu hafa á ýmsar vörur. Á meðan breytist verð samkeppnisvara ekki neitt. Þetta er í andstöðu við yfirlýst markmið skattabreytinga um að þær séu byggðar á jafnræði og raski ekki ákvörðunum aðila um fjárfestingar og neyslu.



**Mynd 3 (áhrif skattabreytinga á ýmsar vörur – útreikningar FÍS)**



– fyrir íslenska verslun

#### IV. Áfengisgjöld

FÍS telur nánast öruggt að frekari hækkun áfengisgjalds muni ekki skila sér í viðbótartekjum fyrir ríkissjóð. Það sést þegar niðurstöður kannana um kauphegðun eru skoðaðar. Einnig er þegar ljóst að neytendur kaupa minna af áfengi en áður og tilfærsla hefur orðið yfir í ódýrari bjóra, léttvín og sterk vín. Þetta sést af veltutölum ÁTVR og sama þróun er í veitingahúsageriranum. Magnskatturinn – áfengisgjald – er því hættur að bíta, enda færa neytendur sig í „léttari“ tegundir. Veltuskatturinn – VSK – er hættur að bíta. Enda kaupa neytendur ódýrari tegundir. Síðast en ekki síst, virðist neysla vera að færast út fyrir markaðinn, eins og sést á svörun við könnun FÍS meðal almennings. Þar kemur fram að fólk verður mjög vart við aukið heimabrudd og smygl á áfengi. Myndir 4 – 7 skýra nánar út það sem rakið er að ofan.

Janúar - nóvember	2009	2008	Br. %
Rauðvín	1.588	1.663	-4,5%
Hvítvín	1.014	977	3,8%
Lagerbjór	14.130	14.168	-0,3%
Ókryddað brennivín og vodka	299	338	-11,5%
Blandaðir drykkir	188	298	-37,1%
<b>Sala áfengis samtals (þús. lítra)</b>	<b>17.933</b>	<b>18.260</b>	<b>-1,8%</b>


12

**Mynd 4 (magnbreytingar í sölu ÁTVR – heimild ÁTVR)**




– fyrir íslenska verslun

Hver eftirtalinna staðhæfinga á best við um kauphegðun þína á áfengi í kjölfar efnahagshrunsins?



Mynd 5 (úr könnun Gallup fyrir FÍŠ)

Hefur þú orðið var/vör við mikla, nokkra, litla eða enga aukningu á heimabruggi eða smygli á áfengi í kjölfar efnahagshrunsins?



14

Mynd 6 (úr könnun Gallup fyrir FÍŠ)



– fyrir íslenska verslun

**Léttvinsneytandi fer – eftir 10% hækkun áfengisgjalds - í vín með minni styrkleika**

	%	Ltr.	Skattur
FYRIR	13,5	0,75	576,4
EFTIR	12,5	0,75	577,6
MISMUNUR			1,3

**Bjórneytandi fer – eftir 10% hækkun áfengisgjalds - í bjór með minni styrkleika**

	%	Ltr.	Skattur
FYRIR	5	0,50	104,4
EFTIR	4,5	0,50	94,0
MISMUNUR			-10,4

**Mynd 7 (Lýsing á breyttri neysluhegðun og áhrif á innheimtu áfengisgjalda - útreikningar FÍS)**

**V. Annað**

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda frekar um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Almar Guðmundsson

Framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna



– fyrir íslenska verslun